

ViðbótarÆFING: KLIPPIMYND

HVERNIG UPPLIFA FORELDRARNIR SAMSKIPTI OKKAR?

ÆFINGIN FJALLAR UM:

Að skoða samskiptin í leikskólanum, venjur og fyrirkomulag með augum foreldra svo þið getið undirbúið samskipti ykkar við foreldra.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Spyrjið foreldri tvítyngds barns hvort það geti sýnt ykkur hvað það sér og upplifir þegar það kemur með og sækir barnið sitt í leikskólann. Takið myndir af því sem foreldrið sér og af því sem það segir frá og tekur eftir, t.d. les það skilaboð á upplýsingatöflunni? Fer það inn á deildina?

Prentið myndirnar út og setjið í klippimynd sem þið farið með á starfsmannafund.

Á STARFSMANNAFUNDINUM:

Skoðið klippimyndina og talið um:

- Hvað sjá foreldrarnir þegar þeir koma með barnið og sækja það?
- Hvaða skilaboð lesa þeir?
- Í hvaða rými koma þeir?
- Hverju sagði foreldrið frá á meðan þið tókuð myndirnar?
- Er eitthvað sem kemur ykkur á óvart?
- Er eitthvað í samskiptum ykkar sem þið þurfið að vera vakandi fyrir?